

**REGLUGERÐ
um breytingu á reglugerð um stærð og þyngd ökutækja nr. 155/2007.**

1. gr.

Á eftir 5. tölulið a-liðar 1. mgr. 12. gr. kemur nýr töluliður sem verður 6. töluliður og er svohljóðandi:

6. Skilyrði sem veghaldari setur varðandi lágmarksfjarlægð milli ása vagnlestar.

2. gr.

Á eftir 2. málslið 1. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar bætist eftirfarandi málsgrein við:

Þetta á einnig við varðandi undanþágu frá lengd, breidd og hæð á skiptanlegum farmi ef augljós hagkvæmnisrök mæla með slíkum flutningum enda sé umferðaröryggi ekki skert eða aukin hætta sé á skemmdum á vegamannvirkjum.

3. gr.

Í stað viðauka I komi nýr viðauki I svohljóðandi:

Leyfileg heildarþyngd og ásþungi á vegum.

<i>Leyfileg heildarþyngd:</i>		
	Tonn	Lýsing ökutækis
1.1		Ökutæki sem er hluti vagnlestar:
1.1.1	18	Tvíása tengivagn
1.1.2	24	Þríása tengivagn
1.2	44	Heildarþungi samtengdra ökutækja
1.2.1		Fimm- eða sexása vagnlest sem er bifreið og tengivagn:
1.2.1.1	40	Tvíása bifreið með þríása tengivagni
1.2.1.2	40	Þríása bifreið með tvíása tengivagni
1.2.1.3	40	Þríása bifreið með þríása tengivagni
1.2.1.4	44	Þríása bifreið með þríása tengivagni sé drifás með tvöföldum hjólum og loftfjöldrum eða öðrum fjöðrunarbúnaði, viðurkenndum innan EES, sbr. viðauka II með tilskipun 96/53/EB, eða þar sem hver drifás er með fjórum hjólum og þungi hvers áss er ekki meiri en 9,5 tonn
1.2.1.5	44	Fjórása bifreið með tvíása tengivagni
1.2.2		Fimm- eða sexása vagnlest sem er bifreið og festivagn:
1.2.2.1	40	Tvíása bifreið með þríása festivagni
1.2.2.2	40	Þríása bifreið með tvíása festivagni
1.2.2.3	44	Þríása bifreið með tví- eða þríása festivagni þar sem vagnlest ber 40 feta ISO gám
1.2.2.4	40	Þríása bifreið með þríása festivagni og
1.2.2.5	44	sé drifás með tvöföldum hjólum og loftfjöldrum eða öðrum fjöðrunarbúnaði, viðurkenndum innan EES, sbr. viðauka II með tilskipun 96/53/EB, eða þar sem hver drifás er með fjórum hjólum og þyngd hvers áss er ekki meiri en 9,5 tonn
1.2.3.5	44	Fjórása bifreið með tvíása festivagni
1.2.3	36	Fjórása vagnlest sem er tvíása bifreið og tvíása tengivagn
1.2.4		Fjórása vagnlest sem er tvíása bifreið og tvíása festivagn, sé fjarlægðin milli ása festivagns:

1.2.4.1	36	1,3 m eða þar yfir, þó ekki yfir 1,8 m
1.2.4.2	36	yfir 1,8 m + 2 tonn þegar ákvæði um leyfilega heildarþyngd bifreiðar (18 tonn) og tvíása festivagns (20 tonn) eru virt og drifás er með tvöföldum hjólum og loftfjöðrum eða öðrum fjöðrunarbúnaði sem er viðurkenndur innan EES, sbr. viðauka II með tilskipun 96/53/EB
1.3		Bifreið:
1.3.1	18	Tvíása bifreið
1.3.2	25	Þríása bifreið
1.3.3	26	Þríása bifreið sé drifásinn með tvöföldum hjólum og loftfjöðrum eða öðrum fjöðrunarbúnaði, viðurkenndum innan EES, sbr. viðauka II með tilskipun 96/53/EB eða hver drifás sé með tvöföldum hjólum og þungi hvers áss er ekki meiri en 9,5 tonn
1.3.4	32	Fjórása bifreið með tveimur stýrisásum: a. sé drifásinn með tvöföldum hjólum og loftfjöðrum eða öðrum fjöðrunarbúnaði, viðurkenndum innan EES, sbr. viðauka II með tilskipun 96/53/EB eða b. sé hver drifás með tvöföldum hjólum og þungi hvers áss ekki meiri en 9,5 tonn
<i>Aðrir eiginleikar ökutækis:</i>		
		Heildarþyngd fjórása bifreiðar í tonnum, má ekki fara yfir sexfalda fjarlægð milli fremsta og aftasta áss bifreiðar í metrum
1.4	28	Þríása liðvagn
<i>Leyfilegur áþbungi:</i>		
	Tonn	Lýsing áss
2.1	10	Einn ás sem er ekki drifás
2.2		Heildaráþbungi á tvíása samstæðu eftirvagns með fjarlægð milli ása (f):
2.2.1	11	minni en 1 m ($f < 1,0 \text{ m}$)
2.2.2	16	frá 1,0 m og upp að 1,3 m ($1,0 \text{ m} < f < 1,3 \text{ m}$)
2.2.3	18	frá 1,3 m upp að 1,8 m ($1,3 \text{ m} < f < 1,8 \text{ m}$)
2.2.4	20	1,8 m og þar yfir ($1,8 \text{ m} < f$)
2.3		Heildaráþbungi á þríása samstæðu eftirvagns með fjarlægð milli ása (f):
2.3.1	21	1,3 m eða minna ($f < 1,3 \text{ m}$)
2.3.2	24	yfir 1,3 m og upp að 1,4 m ($1,3 \text{ m} < f < 1,4 \text{ m}$)
2.4		Drifás
2.4.1	11,5	Drifás bifreiðar, sbr. liði 1.2.1 og 1.2.2
2.4.2	11,5	Drifás bifreiðar, sbr. liði 1.2.3, 1.2.4, 1.3 og 1.4
2.5		Samanlagður áþbungi á hverja tvíása samstæðu bifreiðar með fjarlægð milli ása (f):
2.5.1	11,5	innan við 1 m ($f < 1,0 \text{ m}$)
2.5.2	16	frá 1,0 m og allt að 1,3 m ($1,0 \text{ m} < f < 1,3 \text{ m}$)
2.5.3	18	frá 1,3 m og allt að 1,8 m ($1,3 \text{ m} < f < 1,8 \text{ m}$)
2.5.4	19	sé drifás með tvöföldum hjólum og loftfjöðrum eða öðrum fjöðrunarbúnaði, viðurkenndum innan EES, sbr. viðauka II með tilskipun 96/53/EB, eða sé hver drifás með tvöföldum hjólum og þungi hvers áss er ekki meiri en 9,5 tonn
2.6	24	Samanlagður áþbungi á hverja þríása samstæðu bifreiðar

Nr. 1187

16. desember 2008

4. gr.

Í stað viðauka II komi nýr viðauki II svohljóðandi:

Leyfileg heildarþyngd og ásþungi á vegum sem ekki falla undir viðauka I.

<i>Leyfileg heildarþyngd:</i>		
	Tonn	
1.1		Vagnlest
1.1.1	40	Allar vagnlestir
1.1.2	18	Tvíása tengivagn með tvöföldum hjólum
1.1.3	14	Tvíása tengivagn með einföldum hjólum
1.1.4	22	Þríása tengivagn með tvöföldum hjólum
1.1.5	18	Þríása tengivagn með einföldum hjólum
1.2	14	Bifreið með fjórum hjólum
1.2.2	17	Bifreið með sex hjólum
1.2.3	20,5	Bifreið með átta hjólum
1.2.4	23	Bifreið með tíu hjólum
1.2.5	27	Bifreið með 12 hjólum
1.2.6	29	Bifreið með 12 hjólum enda sé bil milli framása a.m.k. 1,8 m ($\Rightarrow 1,8$ m)

Leyfilegur ásþungi:

	Tonn	Lýsing áss
2.1	10	Einn ás með tvöföldum hjólum
2.1.1	7	Einn ás með einföldum hjólum
2.2.1	10	Tvíása samstæða með tvöföldum hjólum og með einföldum hjólum þegar bil milli ása er innan við 1,0 m ($f < 1,0$ m)
2.2.2	16	Tvíása samstæða með tvöföldum hjólum og 11 með einföldum hjólum þegar bil milli ása er frá 1,0 m til 1,3 m ($1,0 \text{ m} < f < 1,3 \text{ m}$)
2.2.3	16	Tvíása samstæða með tvöföldum hjólum
2.2.4	13,5	Tvíása samstæða með tvöföldum hjólum á öðrum ási sé bil milli ása frá 1,3 m til 1,8 m ($1,3 \text{ m} < f < 1,8 \text{ m}$)
2.2.5	11	Tvíása samstæða með einföldum hjólum
2.3.1	16	Þríása samstæða með tvöföldum hjólum
2.3.2	11	Þríása samstæða með einföldum hjólum þegar bil milli ása er innan við 1,3 m ($f < 1,3$ m)
2.3.2	22	Þríása samstæða með tvöföldum hjólum
2.3.3	16	Þríása samstæða með einföldum hjólum þegar bil milli ása er frá 1,3 m til 1,4 m ($1,3 \text{ m} < f < 1,4 \text{ m}$)
2.3.4	20	Þríása samstæða með tíu hjólum

5. gr.

Við viðauka IV, lið B, undanþága samkvæmt bráðabirgðaákvæði II gildir á eftirtöldum þjóðvegum, bætist eftirfarandi liður:

Númer	Nafn
744	Þverárfjallsvegur

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á viðauka VI:

- a) Yfirskrift viðaukans verði svohljóðandi:

Þungatakmarkanir.

- b) 1. mgr. viðaukans orðist svo:

Á vegum þar sem takmarka verður leyfðan ásbunga vegna aurbleytu eða af öðrum ástæðum við 2, 5 eða 7 tonn gilda eftirfarandi reglur um mesta leyfðan ás- og heildarþunga. Þegar takmarka verður leyfðan ásbunga við 10 tonn gilda eftirfarandi reglur um mesta leyfðan ásbunga en reglur viðauka II um mestu leyfða heildarþyngd.

- c) Neðanmálsgrein 3) í viðaukanum orðist svo:

Á vegum í viðauka I má heildarþungi sex ása vagnlestar vera 44 tonn að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- a) Dráttarbifreið er búin 2 sívirkum drifásum og hafi 4 hjól og loftfjaðrir á öllum ásum nema framás.
- b) Loftþrýstingur hjólbærða sé takmarkaður að hámarki við 7 bør eða 102 psi í hjól-börðum framása (eða 7,5 bør eða 109 psi sé framás með loftfjöldun eða öðrum búnaði sem telst jafngildur eða með hjólbærðastærð að lágmarki 385/65R 22,5) og 6 bør eða 87 psi í hjólbörðum afturása, mælt í köldum hjólbærða.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 75. og 76. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og tekur þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 16. desember 2008.

Kristján L. Möller.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 29. desember 2008